

Atvinnuvegaráðuneytið
b.t. skrifstofu viðskipta og markaða
sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 17. september 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um lagasetningu til innleiðingar markaðseftirlitsreglugerðar ESB

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu til innleiðingar markaðseftirlitsreglugerðar ESB, mál S-165/2026 birt í samráðsgátt 3. september 2026.

Samtökin styðja markmið áforma um setningu nýrra heildarlaga um markaðseftirlit og um breytingu á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995. Fyrirhuguðu frumvarpi er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011 (hér eftir „reglugerð (ESB) 2019/1020“), sem tekin var upp í EES-samninginn í desember 2023. SI telur mikilvægt að innleiða rammalöggjöf ESB um markaðseftirlit og stuðla þannig að samræmdu regluverki á EES-svæðinu. SI fagnar því að tekið sé fram í áformaskjalinu að ekki verði gengið lengra í lagasetningunni en til að uppfylla lágmarkskröfur sem reglugerð (ESB) 2019/2010 gerir og leggur áherslu á að því verði fylgt eftir við frumvarpsgerðina.

Skilvirk stjórnsýsla og skýr verkaskipting

SI telur jákvætt að gera eigi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun (HMS) að miðlægum tengiliði í skilningi reglugerðar (ESB) 2019/1020 og fái þannig grundvöll til að samræma eftirlit, t.a.m. með byggingarvörum. SI hefur um árábil talað fyrir því að markaðseftirlit með byggingarvörum verði eftl. Að auki telur SI jákvætt að kveðið sé á um aukið kerfisbundið samstarf við markaðseftirlitsstjórnvöld. Aukið eftirlit tollsins getur skipt sköpum í að stöðva innflutning ööruggra vara sem gætu t.d. verið notaðar í mannvirki hérlandis. SI leggur þó áherslu á að frumvarpið kveði á um skýra verkaskiptingu milli eftirlitsaðila þannig komið verði í veg fyrir tvíverknað og að fyrirtæki þurfi að vera í samskiptum við mörg stjórnvöld. Þá er einnig lögð áhersla á að innflutningur örugggra og samræmdra vara verði ekki fyrir óþarfa töfum vegna eftirlits, enda geta tafir í aðfangakeðjum valdið fyrirtækjum verulegu fjártjóni.

Kostnaðarmat og aðlögunartími

Í frummati á áhrifum fyrirhugaðs frumvarps kemur fram að HMS hafi greint væntanlegan kostnaðarauka vegna nýrra verkefna samhliða innleiðingu reglugerða (ESB) 2019/1020. SI gerir athugasemdir við að sú greining fylgi hvorki frummatinu né áformunum og að hvorki sé gert ráð fyrir fjárhagsáhrifunum í fjárlagafrumvarpi komandi árs eða í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. SI leggur áherslu á að hinn aukni kostnaður sem gert er ráð fyrir að frumvarpið muni fela í sér verði fjármagnaður með fjárlögum. SI leggst alfarið gegn því að hin aukna stjórnsýsla sem áformin boða verði fjármögnuð með nýjum eða hækkuðum eftirlitsgjöldum eða þjónustugjöldum á innlend framleiðslufyrirtæki og innflytjendur.

Í frummatinu er rakið að 15. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1020 heimili aðildarríkjum að gera markaðseftirlitsstjórnvöldum kleift að endurheimta kostnað við prófun á samræmi vöru við kröfur af viðkomandi rekstraraðila, þegar um ósamræmi við kröfur er að ræða. Verði farin sú leið að veita markaðseftirlitsstjórnvöldum slíka heimild telja samtökin mikilvægt að það verði skýrt afmarkað hvernig slíkri heimild yrði beitt, hún bundin meðalhófi, fyrirsjáanleika og skýrri málsmeðferð, þannig að fyrirtækjum verði ljóst hvaða kostnaður gæti komið til.

Að lokum eru gerðar athugasemdir við hve skammur tími sé áætlaður á gildisstöku frumvarpsins, þ.e. 1. janúar 2027. SI leggur til að gildistökuákvæðið verði endurmetið þegar endanlegt mat á áhrifum liggur fyrir og hvaða áhrif það mun hafa á íslensk fyrirtæki.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



Kristín Jónsdóttir
lögfræðingur